

Í dag er 296. dagur ársins.

Sunnudagur 23. október.

Klukkunni var seinkað um 1. klst. í nótt sem leið.

Árdegisflæði kl. 10.06.

Síðdegisflæði kl. 22.40.

Slysavardstofa Reykjavíkur í Heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. Læknavörður L. R. (fyrir vitjanir), er á sama stað kl. 18 til kl. 8. — Sími 5030.

Næturvörður er í Laugavegs apóteki, sími 1618. — Ennfremur eru Holts-apótek og Apótek Austurbæjar opin daglega til kl. 8, nema laugardaga til kl. 4. Holts-apótek er opið á sunnudögum milli kl. 1 og 4.

Hafnarfjarðar- og Keflavíkur-apótek eru opin alla virka daga frá kl. 9—19, laugardaga frá kl. 9—16 og helga daga frá kl. 13,00 til 16,00. —

□ 5 MÍMIR 595510247 = II 7.
□ EDDA 59551025 = 7

I. O. F. 3 = 13710248 =

Messur

Dómkirkjan: — Messa kl. 11 f. h. (Vetrarkoman). Séra Óskar J. Þorláksson. — Síðdegisguðspjónusta kl. 5 síðdegis. (Vetrarkoman). Séra Jón Audúns.

Ellihellir: — Guðspjónusta kl. 10 árdegis. Séra Jósef Jónsson, fyrrv. prófastur prédikar.

Brúðkaup

Gefin hafa verið saman í hjónaband af séra Jóni Audúns ungrú Björg Pálsdóttir og Helgi Guðmundsson, bakaramestari. Heimili ungu hjónanna er á Ránarg. 2.

S. I. föstudag voru gefin saman í hjónaband af séra Garðari Svavarsyni ungrú Guðbjörg Jónsdóttir, Laugarnesvegi 43 og Magnús Þórarinnsson, skipasmiður, Auðarstræti 13. Heimili þeirra verður á Laugarnesvegi 43.

Í gær voru gefin saman í hjónaband af séra Garðari Svavarsyni ungrú Gunnhildur I. Gestsdóttir, hjúkrunarnemi, Landsspítalanum og Þorvaldur Einarsson, bakaramestari, Laugarnesvegi 56. Heimili þeirra verður á Laugarnesvegi 56. —

Í gær voru gefin saman í hjónaband af séra Garðari Þorsteinsyni prófasti, ungrú Emíliu Línal Jóhannsdóttir, Holtsgötu 14, Hafnarfirði og Kjartan Jónsson, vélvirkir, Urðarstíg 8. Heimili þeirra verður að Urðarstíg 8. Hf.

Nýl. voru gefin saman í hjónaband af séra Óskari J. Þorlákssyni, ungrú Hanna Í. Gabrielsson skrifstofumari, Skálholtsstíg 7 og Ingólfr Helgason skrifstofumaður. —

Í gær voru gefin saman af sama presti ungrú Hólmfríður G. Sveinsdóttir frá Siglufirði og Guðjón M. Ólason bifreiðarstjóri. Heimili þeirra er að Garðavegi 8, Keflavík.

Ennfremur ungrú Guðrún Arnadóttir og Jón Guðmundsson sjómaður. Heimili þeirra er að Hringbraut 113.

Í dag verða gefin saman í hjónaband af séra Garðari Svavarsyni, Sigurbjörg K. Sveinsdóttir, Höfða túni 5 og Ásgeir Jón Jóhannsson. Heimili þeirra verður fyrst um sinn að Höfðatúni 5.

Hjónaefni

Nýlega hafa opinberað trúlofun sína ungrú Guðrún Aída Kristinsdóttir og Vilhelm I. Andersen.

Afmæli

60 ára verður á morgun (24. október), Stefania Magnúsdóttir, — Suðurgötu 13, Hafnarfirði.

Skipafretni

Skipadeild S. Í. S.:

Hvassafell fór frá Norðfirði 21. þ.m. áleiðis til Helsingfors og Ábo. Arnarfell fór frá Akureyri í gær áleiðis til New York. Jökulfell fór í gær frá London áleiðis til Álaborgar. Dísarfell er í Rotterdam. Litlafell er í olíuflutningum á Faxaflóa. Helgafell kemur til Norðfjarðar í dag.

Eimskipafélag Rvíkur h.f.:

Katla er í Rússlandi. —

Flugferðir

Flugfélag Íslands h.f.:

Millilandaflug: Sólfaxi er væntanlegur til Reykjavíkur kl. 19,30 í kvöld frá Kaupmannahöfn og Glasgow. — Innanlandsflug: Í dag er ráðgert að fljúga til Akureyrar og Vestmannaeyja. — Á morgun er ráðgert að fljúga til Akureyrar, Egilsstaða, Fagurhólsmýrar, Hornafjarðar, Ísafjarðar, Kirkjubæjarklausturs, Siglufjarðar og Vestmannaeyja.


Loftleiðir h.f.:

Hekla er væntanleg annað kvöld kl. 22,00 frá Luxemborg, Stavan-ger og Bergen. Fer kl. 23,00 til New York.

Blöð og tímarit

Heilsuvernd, tímarit Náttúru-læknisfélags Íslands, 3. hefti

Fimm mínútna krossgáta



SKÝRINGAR

Lárétt: — 1 hótar — 6 húð — 8 veitingastofa — 10 fugl — 12 órólegur — 14 borða — 15 dýrahljóð — 16 stóran mann — 18 fiskurinn.

Lóðrétt: — 2 ekka — 3 númer — 4 hækka í tign — 5 ótta — 7 állt — 9 á jurt — 11 hrópum — 13 á jurt — 16 tveir eins — 17 tónn.

Lausn síðustu krossgátu

Lárétt: — 1 smuga — 6 aða — 8 lár — 10 urt — 12 okrarar — 14 fa — 15 KI — 16 ham — 18 andliti.

Lóðrétt: — 2 marr — 3 uð — 4 gaur — 5 klofna — 7 atriði — 9 Áka — 11 rak — 13 aðal — 16 HD — 17. ml.

1955, er nýkomið út. Efni: Brauðlífsins. Jónas Kristjánsson 85 ára. Afmæliskefja til Jónasar Kristjánssonar læknis 85 ára (Helgi Sveinsson). Heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði. Musteri heilsunnar (Gretar Fells). Uppskriftir að nokkrum daglegum réttum heilsu hælisingu í Hveragerði (Guðrún Hönn Hilmarsdóttir). Ný lífsstefna — Heilbriggt mannlíf (Jónas Kristjánsson). Jónas Kristjánsson 85 ára (Lilja Björnsdóttir). Fimmta landsþing NLFÍ — Kunn um við hvorki að sitja né standa, ganga né anda. Lækningsmáttur kálpöntunnar (Edda Waerland). Sagt er frá stofnun nýrra félagsdeilda o. fl.

Alþingi

Á MORGUN:

Efni deild: — 1. Tollskrá o. fl., frv. 3. umræða.

Næðri deild: — 1. Meðferð einkamála í héraði, frv. 1. umr. — 2. Gjald af innlendum tollvörutegundum, frv. 1. umr. — 3. Kjörskrá í Kópavogsskaupstað, frv. Frh. 1. umr. — 4. Verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdómur, frv. Frh. 1. umr. — 5. Jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands, frv. 1. umr. — 6. Verðtryggingarsjóður, frv. 3. umr.

Orð lífsins:

Jesús sagði: Komið til mín, allir þér, sem erfíðir og þunga eru hlaðnir, og ég mun veita yður hvíld. — (Matt. 11, 28.).

K. F. U. M. og K.

Hafnarfirði

Almenn samkoma í kvöld kl. 8,30. Bjarni Eyjólfsen ritstjóri talar.

Aðalfundur

skipstjóra og stýrimannafél. Aldan, var haldinn nýlega. Í þessu gamla og gróna félagi eru nú á fjórða hundrað skipstjórar og stýrimenn. — Í stjórn þess voru nú kjörnir þeir Ingólfur Þórðarson kennari, Stýrimannaskólanum, formaður, Konráð Gíslason kompassmiður, gjaldkeri og ritari er Kolbeinn Finnsson, hafnsögumaður.

Safn Einars Jónssonar

Opið sunnudaga og miðvikudaga kl. 1.30—3.30 frá 16. sept. til 1. des. Síðan lokað vetrarmánuðina.

Útvarp

Sunnudagur 23. október:

9,10 Veðurfregnir. 9,20 Morgun tónleikar (plötur). 9,30 Fréttir. 13,15 Hraðskákir í útvarpsal: Hermann Pílnik stórmeistari frá Argentínu teflir tvær skákir við Guðmund Ágústsson hraðskáksmeistara Reykjavíkur. — Guðmundur Arnlaugsson lýsir keppninni fyrir hlustendum. 14,00 Guðspjónusta Filadelfíusafnaðarins í útvarpsal. 15,15 Fréttatútur til Íslendinga erlendis. 15,30 Miðdegistónleikar (plötur). 16,30 Veður-

fregnir. — Messa í Laugarneskirkju (Prestur: Séra Árelíus Níelsson). Organleikari: Helgi Þorláksson. 17,30 Barnatími (Þorsteinn Ö. Stephensen): a) Framhaldssagan: „Vefurinn hennar Karlottu“ eftir E. B. White; XIV. (Frú Ólafía Hallgrímsson les). b) Upplestur og tónleikar. c) Nýja framhaldssagan: „Gott er í Glæheimnum“; III. (Ragnheiður Jónsdóttir rithöfundur). 18,30 Tónleikar (plötur). 20,20 Frá bókmennta kynningu Almenna bókafélagsins á ritverkum Þóris Bergssonar — (Hljóðritað á segulband í hátíðsal Háskólans 13. þ.m.). — Á undan þessari dagskrá ávarpar höfundurinn sjálfur útvarpshlustendur. a) Formaður félagsins, Bjarni Benediktsson menntamálaráðherra flytur ávarp. b) Guðmundur G. Hagalín rithöfundur flytur erindi. c) Gísli Magnússon píanóleikari leikur. d) Leikararnir Brynjólfur Jóhannesson, Helga Valtýsdóttir og Valur Gíslason lesa þrjár sögur: „Sakramenti“, „Brosið“ og „Flugur“. Kynning er Kristmann Guðmundsson rithöfundur. 22,10 Danslög (plötur). 2,30 Dagskrárlök. —

Mánudagur 24. október:

Fastir liðir eins og venjulega. 18,00 Íslenzkukennsla; I. fl. Kennari: Bjarni Vilhjálmsson cand. mag. 18,30 Þýzkukennsla; II. fl. Kennari: Dr. Jón Gíslason skóla-

Ársritið Hlín

37. árgangur, er þegar sent útsöluhöfðum, víðsvegar um landið. Aðalumboð Hlínar í Reykjavík er í Hafnarstræti 18. Karlmannahattabúðinni norðanvert við Útveggsbankann, inngangur Thomsensundi.

Halldóra Bjarnadóttir



Dægurlög
DAGSINS



EYJAN HVÍTA
LOFTLEIÐAVALSINN
BERGMÁL
BJARNI OG NIKKAN
RÓSIR OG VÍN
SELJA LITLA

Útgefandi:

HLJÓÐFERAVERZLUN
Sigríðar Helgadóttur

Lækjarg. 2. Sími 1815.

stjóri. 18,55 Tónleikar: Lög úr kvikmyndum (plötur). 19,10 Þingfréttir. — Tónleikar. 20,30 Dagur Sameinuðu þjóðanna: tíu ára afmæli bandalagsins. Ávörp og ræður flytja: Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, dr. Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra og Thor Thors ambassador. 21,10 Einsöngur: María Markan Östlund syngur; Fritz Weissappel leikur undir á píanó. 21,30 — Útvarpsátt: „Á bókum Bolafljóts“ eftir Guðmund Daníelsson; V. (Höfundur les). 22,10 Erindi: Ævintýr og huliðsheimar, eftir Sigurd Madsen (Emil Als flytur). 22,20 Tónleikar: Lög úr óperettum (plötur). 23,00 Dagskrárlök.

Harald Gudberg — minning



VIÐ vitum öll, að sá dagur mun koma, er við segjum skilið við þetta líf. En þó er það svo, að þegar maður fréttir um viðskilnað einhvers, á maður alltaf bág með að trúa því, að þennan mann munum við aldrei framar sjá. Þannig varð mér innanbrjóstis, er ég frétti um andlát míns góða vinar, Haralds Gudbergs. Mér reyndist erfitt að skilja, að þegar hann fyrir nokkru flaug til Danmerkur, hefði ég kvatt hann í hinsta sinn.

Harald Gudberg var maður, sem alltaf var reiðubúinn til að rétta þeim hjálparhönd, sem til hans leituðu í nauðum. Hann var framtakssamur maður, og dugnaði hans var viðbragðið.

Guðberg fæddist í Odense 14. október 1882. Hann fluttist til Íslands árið 1916 og setti á fót reiðhjólaverkstæði á Laugavegi 79. Fjórðum árum síðar, eða árið 1920, stofnsetti hann fyrirtækið Fálkann, en vegna heilsuþrestra varð hann að selja fyrirtækið árið 1924 og eftir það hvarf hann út til Danmerkur.

Ári síðar kom Guðberg aftur til Íslands, og hófst nú handa á ný, og að þessu sinni alveg frá grunni. Hann stofnsetti fyrirtækið „Örninn“ og var það í upphafi til húsa á Laugavegi 20, þar sem hann starfrækti reiðhjólaverkstæði, og litlu síðar opnaði hann verzlun á Laugavegi 8, sem rekin var í samandi við verkstæðið. Árið 1947 flutti svo fyrirtækið að Spítalastíg 8.

Hann kvæntist Sigríði Magnúsdóttur árið 1914 og var sambúð þeirra hin farsælasta alla tíð, þar til kona hans lézt skyndilega 18. febrúar 1951. Fráfall konu hans var honum þungt raun, því þau voru hvort öðru mjög hjartbundin.

Harald Gudberg lézt í Danmörku 12. október s.l., daginn eftir að hann kom heim af sjúkra húsinu, og tveimur dögum fyrir afmælisdag sinn, og var hann því rétt 73 ára gamall er hann féll frá.

Kæri vinur. Sem einn samlanda þinna þakka ég þér fyrir það fordæmi, sem þú hefur gefið okkur, meðbræðrum þínum, svo við megum breyta eftir, því seint mun okkur gleymast hjálpfýsi þín og manngæzka. — Við geymum minningu þína.

Niels Jörgensen.

FERDINAND

